


GRUNNMYND




ÞVERSNIÐ

## Byggingarlýsing

Lóð:
Heiti: Veitubraut 1, Vaðnesi
Landnúmer: 203579, Greinitala: 8719-01-88650010
Lóðarstærð: 5.441 m2
Heildarbyggingarmagn á lóð: 124,7 m2
Nýtingarhlutfall: 0,023

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Samþykkt
21 JUNI 2017
Byggingarfulltrúi

Húsgerð:
Gestahús úr timbri 29,9 m2 (82,0 m3). Aðalhús er þegar byggt (2014) og er 94,8 m2. Fjarlægð gestahúss frá lóðarmörkum er 10,5 metrar. Hæð á gólfi gestahúss verður 30 cm neðar en gólf aðalhúss. Sama efni er notað í gestahúsið og í aðalhús, nema límtrésbiti í gestahúsi er 90x367mm. Öll snið og frágangur verður hinn sami á gestahúsinu og á aðalhúsi. Útlit, stærðir og fyrirkomulag gestahússins er gert í samræmi við frumteikningar eiganda, Geirs Thorsteinssonar.

Undirstöður og gólf:
Undirstöður eru steyptir sökklar með steyptum millisökkli undir miðju. Gólf er úr timbri. Gólfbitar eru 45x195mm. Einangrun 180mm steinull. Gólfklæðning eru fasaðar og límdar rakavarðar spónaplötur, sem síðan klæðast parketti. U-gildi gólfs er 0,18 w/m2°C. Undir palli eru steyptir stöplar.

Útveggir:
Grindur útveggja 45x120mm timburstoðir. Einangrun er 120mm steinull, Innri klæðning útveggja eru 20mm fasaðar spónaplötur. Ytri klæðning er 9mm krossviður, síðan koma loftunarlistar og klætt undir og yfir glugga með liggjandi bandsagaðri klæðningu, en önnur klæðning er liggjandi aluzink klæðning. U-gildi timburútveggja er 0,26 w/m2°C. Gluggar eru úr timbri. Tvöfallt gler er í gluggum. U-gildi glugga er 1,3 w/m2°C.

Þak:
Þakhalli er 15°, sem er sá sami og á aðalhúsi. Þaksperrur eru 45x195mm c/c 600mm. Loftun inná þak er á milli allra sperra í rörum. Einangrun þaks er 180mm þakull með vindvörn og innan hennar er 0,2mm plastdúkur 30mm raflagnagrind og 16mm panelklæðning. Að ofan er borðaklæðning með þakpappa. Ysta klæðning þaks er bárað aluzink. U-gildi þaks er 0,18 w/m2°C

Lagnir og upphitun:
Frárennslislagnir skolps (salerni, eldhúsvaskur) tengjast rotþró. Aðrar frárennslislagnir (þakvatn og grávatn) tengjast samsvarandi lögnum frá aðalhúsi að siturlögn. Gólfniðurföll [GNF] eru í votrýmum. Upphitun er með hitaveitu og lagnir tengjast aðalhúsi. Hitakerfi er vatnsofnar. Heildarleiðnitap hússins er 1,22 W/m2°C, en 1,32 W/m2°C skv. hámarks U-gildum í byggingarreglugerð (töflu 13.01).

Brunavarnir og öryggi:
Björgunarop [BO] er á herbergi (ljósmál 773x1040mm). Koma skal fyrir reykskynjara [R] og handslökkvitæki [S] (ABC duft 6 kg) í húsinu. Sjúkrakassi skal vera í húsinu. Útiljós er við inngang.




AFSTÖÐUMYND M.K. 1/1000

hagtækni
tækniþjónusta Refsholti 7, Skorradal hagtaekni.is sími 861 7252

| | |
|---|---|
| VERK: Veitubraut 1, Vaðnesi 2677 | VERK NR. 352 |
| TEIKNING: Gestahús<br>Grunnmynd, þversnið, afstaða og byggingarlýsing 1/50 1/1000 | TEIKN. NR. 101 |
| DAGS. 15. maí 2017 | TEIKNAÐ: Ingólfur Margeirsson 070252-3099 |
| SAMÞ. | |

24/6